

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 314/2008  
um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins  
vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í bæklunarlækningum.**

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Sé reikningsfjárhæð lægri en fjárhæð samkvæmt gjaldskrá skal endurgreiðsla þó miðast við reikningsfjárhæð og hluta sjúkratryggðs skv. 4. eða 5. gr. eftir því sem við á.

2. gr.

Í stað orðanna „31. maí 2008“ í 7. gr. kemur: 30. september 2008.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 41. gr. laga nr. 100/2007 um almanna-tryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 31. maí 2008.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 29. maí 2008.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*